

STJÓRNSKIPUNAR- OG EFTIRLITSNEFND

Landsfundarályktun 2015

Stjórnarskráin er grundvöllur stjórnskipunar landsins. Stjórnarskráin kveður á um grundvallarreglur lýðveldisins og mannréttindi borgaranna.

Hyggja þarf vel að breytingum á stjórnarskránni og ráðrúm þarf að gefast, bæði innan þings og utan, til að gaumgæfa tillögur að breytingum á henni. Með tímanum mótast inntak ákvæða hennar, sem skýrast svo í framkvæmd með túlkun dómstóla. Í þessu ljósi telur Sjálfstæðisflokkurinn að fara skuli varlega í breytingar á stjórnarskránni.

Heildarendurskoðun sem umturnar öllum ákvæðum stjórnarskrárinnar samræmist illa sjónarmiðum um réttaröryggi og fyrirsjáanleika. Að sama skapi telur Sjálfstæðisflokkurinn mikilvægt að breytingar á stjórnarskrá séu gerðar í víðtækri pólitískri sátt.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á að tilteknir kaflar og ákvæði stjórnarskrárinnar verði tekin til endurskoðunar.

Í stjórnarskránni ætti að vera ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur, þannig að tiltekið hlutfall atkvæðisbærra manna geti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök lagafrumvörp, að undanskildum fjárlögum, skattalögum og lögum settum á grundvelli þjóðréttarlegra skuldbindinga.

Endurskoða þarf hlutverk og stöðu forseta Íslands. Setja þarf embættinu skýrt hlutverk og valdmörk.

Landsdómur skal lagður niður og samhliða fara fram endurskoðun á ákvæðum um ráðherraábyrgð. Málaferli á hendur fyrrverandi forsætisráðherra fyrir Landsdómi árið 2012 var pólitískt fár og aðför að réttarríkinu sem má ekki endurtaka sig.

Sjálfstæðisflokkurinn telur þá leið sem nú hefur verið valin við endurskoðun á stjórnarskrá líklegasta til að skapa nauðsynlega sátt um þær breytingar sem eru mest aðkallandi.

Sjálfstæðisflokkurinn bindur miklar vonir við að vinna þeirrar stjórnarskrárnefndar sem nú er að störfum skili sér í sátt um breytingar á stjórnarskránni á yfirstandandi kjörtímabili.